



Reykjavík, 16. nóvember 2022

Dalabyggð
Björn Bjarki Þorsteinsson, sveitarstjóri
Míðbraut 11

370 Búðardal

Sent með tölvupósti

Efni: Athugun um að fá úthlutað 2 lóðum fyrir raðhús í Dalabyggð – samtals 8 íbúðaeiningar.

Eykt ehf., kt. 560192-2319, Stórhöfða 34-40, 110 Reykjavík er öflugt þekkingarfyrirtæki í byggingariðnaði sem hefur starfað frá árinu 1986. Eykt ehf. hefur byggt fjölda íbúða en meðal síðustu verkefna má nefna íbúðir fyrir Þorpið Vistfélag í Gufunesi og námsmannaíbúðir við Klausturstíg ásamt fjölda íbúða fyrir leigufélagið Bjarg. Þá hefur félagið ný hafið byggingu á fjölbýlishúsum við Hamranes í Hafnarfirði. Félagið hefur einnig tekið að sér ýmis verkefni í verktöku svo sem skóla, skrifstofuhúsnæði, hjúkrunarheimili, spítala, bryr og virkjanir.

Eykt ehf. hefur fylgst með átaki stjórnvalda í húsnæðismálum sbr. verkefnið Húsnæði fyrir alla sem byggist á fjölda tillagna um hvernig bæta megi stöðu húsnæðismarkaðar. Húsnæðis- og mannvirkjastofnun (*HMS*) var falið að fara með eftirfylgni þeirra tillagna en meðal þeirra er sérstakt byggðaframlag til uppbyggingar á landsbyggðinni. Þá liggja fyrir niðurstöður húsnæðisáætlana sveitarfélaga þar sem hægt er að sjá mat á þörf fyrir byggingu íbúða fram til 2026 og 2032 niður á einstök sveitarfélög.

Eykt ehf. hefur mikinn áhuga á því að koma að uppbyggingu íbúðarhúsnæðis á landsbyggðinni og byggja hagkvæmar íbúðir sem henta þörfum hverrar byggðar. Félagið hefur verið að skoða hvaða tegund húsnæðis gæti hentað og mögulega samstarfsaðila m.a. fjármögnunaraðila og kaupendur íbúða. Þá er unnið að kostnaðaráætlun fyrir mismunandi tegundir húsnæðis.

Það er mat félagsins að Dalabyggð henti vel sem fyrsti framkvæmdastaður við uppbyggingu íbúða á landsbyggðinni. Félagið vill byggja í Dalabyggð 2 raðhús þar sem 4 íbúðaeiningar yrðu í hvoru húsi. Samtals yrðu byggðar 8 íbúðaeiningar. Það er von félagsins ef vel tekst til að framkvæmdin yrði eingöngu sú fyrsta af mörgum á landsbyggðinni.

Með bréfi þessu vill Eykt kanna möguleikann á að fá lóðir undir 2 raðhús í Dalabyggð. Eykt ehf. er að sjálfsögðu tilbúið til viðræðna við sveitarfélagið til að kynna nánar áform sín og til að ræða mögulegar útfærslur.

Eykt ehf. vill taka fram að forsendan fyrir framkvæmdinni er að niðurstaða þeirra vinnu sem nú er unnin sýni m.a. hagkvæmni framkvæmdarinnar og að kaupendur fái að raðhúsunum.

Virðingarfyllst,
f.h. Eyktar ehf.



Páll Daniel Sigurðsson
framkvæmdastjóri